



Sveitarfélagið Árborg
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjármálastjóri
Austurvegi 2
800 Selfossi

Framhaldsaðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2021

Reykjavík, 9. júní, 2021.

Ágæti hluthafi.

Á aðalfundi Landskerfis bókasafna hf. sem haldinn var 19. maí síðastliðinn var ákveðið að fresta kosningu stjórnar til framhaldsaðalfundar. Boðað er til framhaldsaðalfundar Landskerfis bókasafna hf. mánudaginn **28. júní kl. 15:00**. Fundurinn verður haldinn í gegnum Microsoft Teams fjarfundabúnaðinn. Litið er þannig á að umboð sem veitt voru fyrir fundinn 19. maí gildi áfram nema önnur fyrirmæli berist frá hluthafa.

Dagskrá fundarins er:

1. Kosning stjórnar
2. Önnur mál

Fulltrúar hluthafa tilkynna um þátttöku sína á fundinum með því að skrá sig inn á fundinn og hafa slökkt á hljóðnema en mynd á.

Framkvæmd kosninga verður með þeim hætti að fulltrúar rétta upp hönd með því að smella á mynd af hönd í efra horni Microsoft Teams (einnig hægt að nota flýtleið Ctrl + Shift + K) til að samþykkja tillögur.

Slóðin á framhaldsaðalfundinn er <https://tinyurl.com/awvb4fdc> (slóðin mun einnig berast með tölvupósti þegar nær dregur fundi).

Ef fulltrúi lendir í vandræðum með að tengjast fundinum er hægt að senda póst á hjalp@landskerfi.is.

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna hf.,

Sveinbjörg Sveinsdóttir
framkvæmdastjóri

ÁRBORG	
Bnr: 05.10	Mótt: 10.06.21
Abm: 1G	Mnr: 2105449